



Fundargerð

6. fundur Byggingarnefndar haldinn í fjarfundi, föstudaginn 30. maí 2025.

Fundinn sátu:

Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir, Hörður Eypórsson og Helgi Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Helgi Guðmundsson, .

Björn Helgi Snorrason, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 16:00.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2505004 - Umsókn um byggingarleyfi, Hrífunes lóð c

Hrísnes ehf., sækir um leyfi fyrir að breyta fjárhúsi og hlöðu í farfuglaheimili og veitingasölu, sjá afstöðumynd. Aðkoma að lóðinni er um Hrífunesveg, bílastæði fyrir starfseminu eru norðan Hrífunesvegar. Fyrirhuguðar breytingar eru innréttuð verði alls 10 herbergi til gistingar, þar af eitt sem uppfyllir þarfir hreyfihamlaðra. Í hverju 9 herbergjanna er gert ráð fyrir að gist geti allt að 16 manns í kojum og í einu herbergi allt að 12 manns, eða alls gisting fyrir 156 manns í kojum. Í miðkjarna þessa hluta hússins er innréttaður salernis og baðkjarni, þar sem verða alls 9 salerni og 9 rými með sturtum. Byggt verður anddyri við húsið til vesturs. Í þeim hluta hússins sem áður var hlaða verður innréttuð aðstaða til veitingasölu. Byggt verður við húsið til suðausturs, rými fyrir eldhús og aðstöðu þar af lútandi ásamt stigahúsi. Einnig verður sett milligólf í um helming hússins, með borðum og aðstöðu fyrir matargesti. Birtar stærðir, farfuglaheimili 1. hæð 662,0 m², milligólf og stigahús 98,0 m²

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis, fyrir sitt leiti. Felur byggingarfulltrúa að gefa ekki út byggingarleyfið fyrr en samþykki Skipulags- og umhverfisráðs á skipulagi vegna sama máls liggur fyrir.

2. 2504001 - Umsókn um byggingarleyfi, Syðri-Vík

Luxor ehf., sækir um leyfi til þess að breyta innrarskipulagi geymslu. Með breytingunni á að útbúa 4 litlar íbúðir, athafnarsvæði og tækjageymslu. Viðbygging er fyrirhuguð á norðurhlið hússins. Um er að ræða skemmu sem verður breytt í íbúðarhús með tækjageymslu. Farið verður í innrýmis breytingar og viðhald.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.



3. 2505021 - Umsókn um byggingarleyfi, Sólvellir

Gunnar Vignir Sveinsson, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð sem er í þinglýsingarferli en hefur verið samþykkt í sveitastjórn. Lóðin mun heita Sólvellir og er stofnað úr landi Flögu 1.

Byggingin er sumarhús sem og er einn matshluti Aðalbyggingarefni er timburvirki. Útveggir að utan eru lituðu pönnuformuðu áli RAL 9005 að hluta með timburklæðningu og steinklæðningu. Stærð er Brúttó 129 m² - 458 m³

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

4. 2505022 - Umsókn um byggingarleyfi, Kirkjubæjarskóli

Skaftárhreppur sækir um leyfi til að byggja nýjan inngang við Kirkjubæjarskóla. Um er að ræða 124,5 m² stækkun við Laugarveg 4.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

5. 2505023 - Umsókn um byggingarleyfi, Hvoll

Hannes Jónsson, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri sem er 64m² að stærð og um 230,7m³.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

6. 2502034 - Umsókn um byggingarleyfi, Skriðuvellir 11

Skaftárhreppur sækir um breyta bifreiðageymslu við Skriðuvelli 11. Bifreiðageymslan verður sér staðfang. Ökuhurðir verða fjarlægðar og í staðinn mun koma gluggastykki og neyðarútgangur. Komið verður fyrir fituskylju, epoxy Verður sett á vegg og gólf og stálinnréttingar verða settar upp Verður rýmið notað fyrst og fremst sem rannsóknarstofa fyrir Náttúrufræðistofu Suðausturlandi og Náttúrufræðistofnun Íslands, aðallega verður rannssökuð gróðursýni og refir

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir útgáfu byggingarleyfis og felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 16:35.

Björn Helgi Snorrason

Elín Heiða Valsdóttir

Hörður Eyþórsson

Undirritunarsíða

Björn Helgi Snorrason



Undirritað af:
Björn Helgi Snorrason
2005724249
Dags: 06.06.2025
Tími: 15:04:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b97ebf7-31fa-45bd-b2be-300c2e568ec4

Elín Heiða Valsdóttir



Undirritað af:
Elín Heiða Valsdóttir
2710775139
Dags: 19.06.2025
Tími: 14:04:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b97ebf7-31fa-45bd-b2be-300c2e568ec4

Hörður Eypórsson



Undirritað af:
Hörður Eypórsson
2805892179
Dags: 06.06.2025
Tími: 11:04:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b97ebf7-31fa-45bd-b2be-300c2e568ec4